

4. BEKKUR 2015
ÍSLENSKA

Settu límmiðann
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI I

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Fyrri sýningin byrjar klukkan fjögur eins og til stóð. Það er uppselt, líka klukkan átta. Allt gengur vel til að byrja með, fílarnir leika listir sínar, loftfimleikafólkið er frábært, það hjólar á línunum og snýst í marga hringi í loftinu, kona leikur á flautu á hestbaki, stendur meira að segja á haus á meðan. Áhorfendur skellihlæja að trúðunum og hundunum, krakkarnir fá íspinna og sælgæti í hléi, á meðan sýningarbúrin fyrir ljónin eru sett upp. Allir eru ánægðir – nema Leópold, aðalljónið í sirkusnum. Í dag ætlar hann út í frelsið hvað sem hver segir!

Hann lætur á engu bera til að byrja með, gerir allt sem hann á að gera, en bíður færiss. Ljónin sýna frábæra leikni, stökkva gegnum logandi hringi, fara upp og niður stiga, steypa sér kollhnís, standa á einum fæti og raða sér upp í píramída, Leópold er efstur þótt hann sé stærstur. Skyndilega teygir hann alveg úr sér og nær með framfótunum upp í þakið á búrinu. Áhorfendur hrópa og kalla af hrifningu, því þeir halda að þetta sé hluti af sýningunni. „Þetta endar með ósköpum hjá honum, greyinu,“ segir gamla ljónynjan og klórar sér á bak við eyrað. Ungu ljónin eru dálítið smeyk, og kannski líka svolítið montin. Hann er einn af okkur, örugglega stærsta og sterkasta ljónið í öllum heiminum, hugsaðu þau.

1. Á sýningunni klukkan fjögur

- ₁ eru engin sæti laus.
- ₂ fá börnin ókeypis sælgæti.
- ₃ gengur allt eins og í sögu.

2. Hver stendur á haus í sýningunni?

- ₁ fíll
- ₂ kona
- ₃ trúður

3. Á meðan ljónabúrin eru sett upp

- ₁ er gert hlé á sýningunni.
- ₂ skellihlæja áhorfendurnir.
- ₃ sýna trúðarnir listir sínar.

4. Hvenær eru ljónin á sviðinu?

- ₁ allan sýningartímann
- ₂ fyrri hluta sýningarinnar
- ₃ seinni hluta sýningarinnar

5. Ungu ljónin eru montin af

- ₁ frammistöðu sinni.
- ₂ Leópold.
- ₃ píramídanum.

Leópold sveiflar sér til og frá og þá gerist það sem temjarinn óttaðist, þakið hrynur með braki og brestum. Temjarinn rekur ljónin í ofboði út og inn í geymslubúrin. Leópold dettur niður með brakið allt í kringum sig um leið og temjarinn og síðasta ljónið komast út, en Leópold er kominn í ham! – Það skal takast – hugsar hann og hristir af sér leifarnar af þakinu. Áhorfendur eru á báðum áttum.

„Er þetta ekki heldur langt gengið,“ segir gamall afi við sonardóttur sína.

„Guð minn góður, það er eitthvað að honum,“ segir kona skammt frá. Og svo brýst út undrunar- og skelfingaróp frá mannfjöldanum: Leópold stekkur upp á búið, vegur andartak salt, fólkið stendur upp og ætlar að rjúka út, en það er alveg óþarfi. Leópold flýgur af búrinu niður í ganginn frá aðalinnganginum. Dýralæknir kemur með byssu og ætlar að skjóta svefnlyfi í Leópold en því miður lendir skotið í rassinum á sirkusstjóranum, sem steinsofnar um leið. Sem betur fer meiðir Leópold engan. Hann geysist út um aðaldyrnar en áhorfendur hrópa hver upp í annan og enginn skilur neitt.

„Kallið á lögregluna,“ æpir einhver.

(Helgi Guðmundsson, 1998, Leópold sirkusljón hrellir borgarbúa)

6. Hvað gerir temjarinn þegar þakið hrynur?

- ₁ Hann grípur til byssunnar með svefnlyfinu.
- ₂ Hann kallar lögregluna á staðinn.
- ₃ Hann sendir ljónin samstundis inn í búr.

7. Hvað þýðir að vera „á báðum áttum“?

- ₁ að vera í vondum málum
- ₂ að vera ósammála
- ₃ að vera óviss um eitthvað

8. Reynt var að stöðva Leópold með því að

- ₁ loka aðalinnganginum.
- ₂ reka hann í geymslubúið.
- ₃ skjóta af deyfibyssu.

9. Hvers vegna átti að kalla á lögregluna?

- ₁ Til að handsama ljónið.
- ₂ Til að róa hrædda áhorfendurna.
- ₃ Til að stjórna umferðinni frá sirkusnum.

10. Um hvað er sagan?

- ₁ Hún er um ljón sem strýkur úr sirkus.
- ₂ Hún er um sirkussýningu ljóna.
- ₃ Hún er um örvæntingarfulla áhorfendur.

⊥

Samheiti

⊥

Finndu **samheiti** undirstrikuðu orðanna. Samheiti eru orð sem hafa sömu merkingu (dæmi: faðir - pabbi).

11. naumlega

- ₁ freklega
- ₂ illilega
- ₃ sennilega
- ₄ tæplega

13. afmá

- ₁ eyða
- ₂ henda
- ₃ skila
- ₄ taka

12. samherji

- ₁ afreksmaður
- ₂ framherji
- ₃ liðsmaður
- ₄ stýrimaður

14. glata

- ₁ hinkra
- ₂ mala
- ₃ skella
- ₄ tapa

Málnotkun

Lestu spurningarnar vel og krossaðu við rétt svar.

15. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin veggur og ljós?

- ₁ veggjaljós
- ₂ veggljós
- ₃ veggsljós
- ₄ veggurljós

16. Hvert þessara orða er í kvenkyni? (hún)

- ₁ fjós
- ₂ gler
- ₃ hár
- ₄ rós

17. Foreldrarnir sóttu ? sínar. Hvaða orð passar á strikið?

- ₁ barn
- ₂ börn
- ₃ dóttur
- ₄ dætur

18. Merktu við línuna sem byrjar á sérnafni.

- ₁ Alltaf er best heima.
- ₂ Heimur kemur að austan.
- ₃ Stúlkan hleypur hraðast.
- ₄ Sveitin mín er fallegust.

19. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin vegur og vinna?

- ₁ vegarsvinna
- ₂ vegavinna
- ₃ vegsvinna
- ₄ vegvinna

20. Hvert þessara orða er í karlkyni? (hann)

- ₁ hveiti
- ₂ hönd
- ₃ land
- ₄ vetur

21. Ég fékk kveðju frá ?. Hvaða orð passa á strikið?

- ₁ Agli Mána
- ₂ Agli Máni
- ₃ Egil Máni
- ₄ Egili Mána

22. Besti vinur Óla fór í frí með foreldrum sínum. Óli finnur sér ekkert að gera og er þess vegna frekar ?.

Hvaða orð passar á strikið?

- ₁ ánægður
- ₂ einmana
- ₃ feiminn
- ₄ kærulaus

Ritun

Skrifaðu sögu um myndina.

Mundu að notfæra þér allt sem þú hefur lært um ritun, til dæmis atburðarás (upphaf, meginmál og endi), stafsetningu og frágang.



Blank writing area with 20 horizontal lines.

autt

S/F
0 1 2

B/E
0 1 2

F/M
0 1 2

3 4

Má
0 1 2

Stafsetning

autt

Nú verður lesin æfing í stafsetningu. Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar eftir upplestrinum. Hver málsgrein er auðkennd með bókstaf sem lesinn er upp á undan málsgreininni. Fyrst verður gert hlé eftir hverja eyðu þannig að þú hafir tíma til að skrifa orðin. Síðan verður málsgreinin lesin í heild. Loks verða allar málsgreinarnar lesnar aftur.

A. Misjafnt er _____ fara í skólann.

⁰ ¹ / ⁰ ¹

B. _____ í _____ fara í skólabíl.

⁰ ¹ / ⁰ ¹

C. Þau börn eru sum _____ á _____ .

⁰ ¹ / ⁰ ¹

D. Ég _____ af _____ sem tefldu skák í bílnum.

⁰ ¹ / ⁰ ¹

E. Í þorpum _____ ganga börn oftast í skóla.

⁰ ¹

F. Þau _____ oft í fylgd eldri _____ .

⁰ ¹ / ⁰ ¹

G. Í stærri _____ eins og _____ , þarf að _____ vel um öryggið.

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹

H. Í _____ og víðar

⁰ ¹

fara _____ með strætó.

⁰ ¹